

Fundargerð 12.12.2024

Mætt voru: Erla Sif Sveinsdóttir fulltrúari foreldra, Vala Steinsdóttir grenndarfulltrúi, Ellý Erlingsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, María Pálmadóttir skólastjóri stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda kom á þennan fund: Sigurbjörg í 10. bekk, Reynir í 9. bekk og Sara í 8. bekk.

Dagskrá:

- **Fundur með stjórn nemendafélags.**

Rætt var um félagsstarfið í Setrinu. Nemendur segja að það sé betri mæting hjá þeim í unglingadeild en þegar þau voru í miðdeild. Núna er dagskráin skemmtilegri. Það er t.d. gaman þegar það er dagskrá íþróttahúsinu.

Það er gott að hafa opið í Setrinu í frímínútum og hádegishléinu.

Það er gott að hafa dagskána fyrir heilan mánuð í senn.

Það þarf að láta vita af viðburðum með góðum fyrirvara t.d. söngvakeppninni. Þá er hægt að halda forkeppni í skólanum.

Nemendum fannst gaman að hafa joga í frímínútum. Það er líka gott að hafa spil í einni stofu í frímínútum.

Setja þarf á skjáinn í unglingadeildinni hvaða kennarar eru á vakt í frímínútum.

Stór hópur nemenda eru á bókasafninu í frímínútum og hádeginum. Þar er opið þar til kl. 15:00.

Símareglurnar hvað segja krakkar um þær ?

Nemendur virða símareglur á opnum svæðum. Sumir fara mjög oft á klósettið og eru í símanum þar.

Ræddum umgengni á opnur svæðum sem er ábótavant. Nemendur eru til í að fara átak í umgengni.

Skólaráð

- **Skólapúlsinn – nemendakönnun.**

María fór yfir nemendakönnun í 2.-5. bekk.

- **Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.**

Unnið verður áfram að leiðsagnarnámi og vaxandi hugarfari.

Unnið verður áfram að læsi í víðum skilningi.

María fór yfir:

Mat á kennslu og skipulagi.

Samskipti innan skólans, líðan nemenda, skóla- og bekkjaranda.

Samstarf heimilis og skóla.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.